



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
4. febrúar 2010
5. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósíð í
boenum!*



Sími: 456 6660

Berjast um fyrsta sætið!



– Eiríkur Finnur Greipsson, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson gefa kost á sér í oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ. Blaðið lagði fyrir þau nokkrar spurningar um nútíð og framtíð bæjarfélagsins sem þau svara í miðopnunni



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafid og heim

Svanlaug gefur ekki kost á sér

Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ og formaður bæjarráðs, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í sveitarstjórnkosningunum í maí.

„Það eru komin átta góða ár og þetta er búin að vera mikil en skemmtileg vinna. Núna er held ég bara komið nóg hjá mér og nú er því kjörið tækifæri fyrir aðra að komast að,“ segir Svanlaug. Aðspurð um það hvernig síðasta kjörtímabil hafi verið segir Svanlaug að það hafi verið erfitt. „Efnahagsástandið gerði það að verkum að ekki var hægt að koma öllu í framkvæmd. Ég hefði viljað áorka miklu meira og koma meiru í framkvæmd en fjárhagur sveitarfélagsins hefur ekki leyft það.“

Svanlaug er í fullu starfi sem hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði. „Nú tekur bara við vinna upp á sjúkrahúsi.“ segir Svanlaug Guðnadóttir. – kristjan@bb.is



Um 80 manns komu saman fyrir framan starfstöð Ríkisútvarpsins á Ísafirði. Mynd: Matthildur Helga og Jónudóttir.

Um 80 manns mótmæltu lokun svæðisstöðvar RÚV

Um 80 manns komu saman fyrir framan starfstöð Ríkisútvarpsins á Ísafirði á laugardag og mótmæltu fyrirhugaðri lokun þess og uppsögn fréttamannsins þar. Finnbogi Hermannsson, fyrrum forstöðumaður Svæðisútvarps Vestfjarða sem starfaði hjá RÚV í 21 ár, hélt ræðu og mótmælendur frömu gjörning þar sem þeir settu sundurbarið útvarp í skókassa og skrifuðum

utan á Páll Magnússon Reykjavík. Eftir var til mótmælanna undir þeim formerkjum að það sé mikið hagsmunamál fyrir alla íbúa landsins að fréttamenn og annað dagskrárgerðarfólk hafi aðsetur sem víðast um landið. Í yfir 20 ár hefur Ríkisútvarpið rekið starfstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum og á Ísafirði. Hafa þessar stöðvar sent út svæðisútvarp þar sem málefni hvers

svæðis hefur verið í brennidepli. Auk þessa sem margir útvarpsþættir hafa verið sendir út frá svæðisstöðvunum, til að mynda Okkar á milli, innsög í Samfélagið í nærmynd og dægurmálaútvarpið svo eitthvað sé nefnt.

„Það verður ekki séð hvernig Ríkisútvarpið ætlar að rækja skyldur sínar við íbúa landsins ef öll dagskrárgerð verður í Reykjavík um Reykjavík. Ríkisútvarp-

id hefur bæði öryggis og menningarlegum skyldum að gegna og því skorum við á stjórn RÚV og Menntamálaráðherra að grípa inn í þessa atburðarrás. Það er með ólíkindum að enn og aftur skuli niðurskurðarhnífnum vera beitt á landsbyggðina,“ segir í tilkynningu frá skipuleggjendum mótmælanna sem fram fóru á Ísafirði.

– thelma@bb.is

Bernskan gerir samning við Vísi

Pokabeituverksmiðjan Bernskan í Súðavík hefur gert samning við fiskvinnslufyrirtækið Vísi ehf. í Grindavík um kaup á fimm pokabeitningavélum og pokabeitu í allan báta fyrirtækisins.

„Við vorum að klára hönnun á pokabeitningavél í línubáta, annars hefur allt verið handbeitt í landi,“ segir Kristján Andri Guðjónsson stjórnarformaður Bernsku ehf. Samningurinn hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir

pokabeituverksmiðjuna. Að sögn Kristjáns Andra gæti verðmæti samnings verið vel á annað hundrað milljónir en hann felst í því að Bernska útvegi Vísi yfir 20 milljón pokabeitir á ári. Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu, sem er einn eigenda fyrirtækisins, segir að samningurinn geti haft í för með sér tvöföldun á framleiðslu verksmiðjunnar. „Þetta er hrein og bein viðbót við framleiðslu Bernsk-

unnar í dag og gangi samningurinn alveg eftir verður það tvöföldun á því magni sem nú er framleitt.“

Þróun og hönnun beitningavélarinnar er alfarið á vegum Bernskunnar en fyrsta eintakið var selt til Noregs. Þar hefur vélin verið í notkun undanfarnar vikur hjá norski útgerð og vakið mikla athygli. „Með notkun beitningavélarinnar er afli bátsins tvöfaldur á við venjulegan balabát á

þessu svæði. Háskóli í Noregi hefur gert rannsóknir á beitunni og allar þær prófanir hafa verið jákvæðar og óvirk pokabeitunni í vil,“ segir Óðinn. Óformlegar viðræður standa nú yfir í Noregi um að koma upp beituverksmiðju á Trömsø-svæðinu. „Við höfum verið að kynna fyrir Norðmönnum hugmyndir um beituverksmiðju og nú stendur yfir leit að samstarfsaðilum til að hrinda því verkefni úr vör.“

Óðinn segir að pokabeitan sé mun hagkvæmari en hefðbundin beita. „Í hverri pokabeitu eru 9-10 grömm af hráefni en í hefð-

bundinni handskorinni beitu eru um 15-30 grömm. Beituotkunin minnkar því um helming ná þetta tilætluðum árangri.“

Upphaflega var hafist handa við að þróa pokabeituna til að freista þess að þróa beitu sem hægt væri að veiða ýsu á. Óðinn segir að allir bátar Íslandssögu hafi notað pokabeitu að undanfögnu og veitt bæði þorsk og ýsu með góðum árangri.

Að verksmiðjunni Bernsku standa Byggðastofnun, Íslandssaga, HB-Grandi, Öngull, Frystikerfi, KM Stál og Póllinn.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarbær í 22. sæti á lista yfir draumasveitarfélag landsins

Ísafjarðarbær er í 22. sæti á lista yfir draumasveitarfélagið samkvæmt einkunnargjöf Vísibendingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál. Þetta kemur fram á ruv.is í dag. Vísibending setur árlega upp lista yfir draumasveitarfélög og gefur þar sveitarfélögum einkunn út frá afkomu og fjárhagslegri stöðu. Forsendurnar sem miðað er við eru í fyrsta lagi skattheimta, en hún þarf að vera

sem lægst. Í öðru lagi þurfa breytingar á fjölda íbúa að vera hóflegar. Í þriðja lagi þarf afkoma sem hlutfall af tekjum að vera sem næst 10 prósent. Í fjórða lagi þarf hlutfall skulda af tekjum að vera sem næst einum og í fimmta lagi þarf veltufjárhlutfall að vera sem næst einum.

Snæfellsbær er nú í fyrsta sinn í efsta sæti listans yfir draumasveitarfélögin en var í öðru sæti í fyrra og 29. sæti árið þar áður.

Hornafjörður er í öðru sæti í ár og Garðabær í því þriðja. Eflitið er á sveitarfélög á Vesturlandi og Vestfjörðum sérstaklega, þá er Stykkishólmur í 15. sæti, Akranes í 21. sæti, Ísafjarðarbær er sem fyrr segir í 22. sæti, Grundarfjarðarbær í 30. sæti og Borgarbyggð er í 38. sæti eða neðst á listanum, en á honum eru stærstu sveitarfélög landsins. Frá þessu er greint á ruv.is.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa

Porkels Sigmundssonar
Frá Hælavík

Hulda Margrét Eggertsdóttir
Eggert Valur, Guðni Kjartan, Hulda Margrét,
Sigmundur Bjargþór og Falur Porkelsbörn.

„Stefnum á að koma vestur í ár“

Enn er mikill áhugi hjá forsvarsmönnum Subway keðjunnar á Íslandi að opna stað á Vestfjörðum. Undanfarin ár hafa þeir leitað að hentugu húsnæði á Ísafirði. „Við erum enn að leita að rétta húsnæðinu, við vorum einmitt nýlega að skoða húsnæði fyrir vestan. Þó ekki hafi verið gengið frá neinu, stefnum við á að koma vestur á þessu ári,“ segir Skúli Gunnar Sigfússon, eigandi Subway á Íslandi.

„Á sínum tíma vorum við að hugsa um að fara í samstarf með N1 og vera með Subway á stöð þeirra á Ísafirði en húsnæðið var of lítið til þess. Svo sóttum við um lóð á mót Landsbankanum en það gekk ekki eftir. En við höldum áfram að leita leiða.“

Nýverið var stofnaður hópur á samskiptavefnum Facebook þar sem 1.800 manns hafa lýst því yfir að þeir vilji Subway stað á Ísafirði.



Alltaf jafn spennnt fyrir handboltanum

Næst elsti Vestfirðingurinn, Herdís Albertsdóttir, fylgdist spennnt með frammistöðu íslenska landsliðsins í handbolta á EM í Austurríki og missti ekki af nokkrum leik. Eins og flestir sem þekkja til Herdísar vita er erfitt að fyrirfinna ákafari stuðningsmann íslenska landsliðsins og ástin á handboltanum er síður en svo í rénun þótt Herdís sé orðin 101 árs. – fridrika@bb.is

Nær 250 Vestfirðingar í fjarnámi

Nær 250 Vestfirðingar voru í fjarnámi haustið 2008. Flestir voru á aldrinum 30-49 ára eða 112 talsins. Konur eru í miklum meirihluta vestfirskra fjarnema eða 178 á mót 65 körlum. Þetta kemur fram í mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um nema í dreifnámi, fjarnámi og staðnámi. Í upplýsingaöflun um fjölda nemenda var ekki gerður greinarmunur á fjarnámi og dreifnámi. Dreifnemar eru því taldir með fjarnemum í upplýsingum frá Hagstofu

Íslands sem ráðuneytið styðst við. Haustið 2008 voru fjar- og dreifnemar á framhaldsskólastigi 4.782 af 25.590 nemendum samtals. Þar af eru 3.482 nemendur einnig skráðir í dagskóla eða kvöldskóla. Á háskólastigi stunda 3.340 nemendur fjar- og/eða dreifnám af 18.104 nemendum alls.

Í svarinu kemur einnig fram að á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að framlag á einingu í framhaldsskólanámi sé að meðaltali um 25.000 kr. Ekki er gerður greinarmunur á fram-

lagi til eininga sem teknar eru í dagskóla og í fjarnámi. Námsleiðir eru enn fremur margar og ólíkar og hlutfall bók- og verknaðs innan þeirra getur verið mjög mismunandi.

Í reiknilíkani háskóla er gert ráð fyrir ákveðnu framlagi fyrir hvern ársnema þar sem ársnemi

er skilgreindur sem nemandi sem þreytir próf í 30 námseiningum. Um nokkra reikniflokka er að ræða og því ólíkar greiðslur eftir því um hvaða nám ræðir. Verð á hvern ársnema er frá 501 þús. kr. til 2.650 þús. kr. og er nám á sviði félags- og mannvísinda ódýrast en nám í tannlækningum

dýrast. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort nemandur eru í staðnámi, dreifnámi eða fjarnámi. Meðalverð á hverjar 30 námseiningar var 751,5 þús. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2009 en það svarar til 25.050 kr. á hverja námseiningu að meðaltali. – thelma@bb.is

Gjaldprotabeidnum fækkaði

Héraðsdómi Vestfjarða bærust 32 beiðnir um gjaldprotaskipti á árinu 2009. Fjórtnán voru úrskurðaðir gjaldprotá, tólf fyrirtæki og tveir einstaklingar. Töluverð fækkan varð í gjaldprotabeidnum frá árinu á undan því árið 2008 voru beiðnirnar fjórutíu og sjö og 25 úrskurðaðir gjaldprotá, sextán fyrirtæki og níu einstaklingar. Var þá reyndar um fjölgun að ræða en beiðnum hafði farið

fækkanði fimm ár á undan.

Árið 2002 voru beiðnirnar sextíu og níu. Árið 2006 voru beiðnirnar fjórutíu og sjö og úrskurðir þrjátíu og sjö talsins. Tuttugu og sjö fyrirtæki voru úrskurðuð gjaldprotá það árið og tíu einstaklingar. Árið 2007 voru gjaldprotabeidnirnar þrjátíu og sjö og voru þrettán fyrirtæki úrskurðuð gjaldprotá og þrjár einstaklingar. – fridrika@bb.is

Tilkynning

Mánudaginn 8. febrúar mun Endurvinnslan hf., opna nýja umbúðamóttöku í samstarfi við Eimskip Flytjanda við Sundahöfn.

Opið verður alla virka daga frá kl. 14-17.

Síminn er 525 7890.

Endurvinnslan hf., þakkar Svæðisskrifstofu fatlaðra (Hvestu) kærlega fyrir gott samstarf í gegnum árin og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Verið velkomin!



ENDURVINNSLAN HF

Lítið um hákarl í Hnífsdal

Fiskverkunarfyrirtækið Harðfiskur og hákarl ehf., í Hnífsdal verkar hvorki hákarl né harðfisk í ár og sennilega verður ekkert verkað þar fram til ársins 2012 að sögn Guðmundar Páls Óskarssonar eiganda fyrirtækisins. Erfitt getur því reynst að fá vestfirskan hákarl fyrir þorrann og segir Guðmundur að hann viti ekki til þess að einhver annar verki og selji hákarl á Ísafirði.

Eins og fram hefur komið hefur lagning þjóðvegjar um Hnífsdal haft í för með sér rekstrarstöðvun fiskvinnslufyrirtækis hans og hefur hann því farið fram á bætur frá sveitarfélaginu vegna þess.

42% börn og ungmenni

Börn og ungmenni eru 42,1% af mannfjölda Vestfjarða en 3.105 Vestfirðingar eru undir þrítugu. 945 börn eru undir tíu ára aldri, 1.134 eru á aldrinum tíu ára til tvítugs, sem er stærsti aldersflokkurinn, og rúmlega 1000 á þrítugsaldri.

3.565 eru á aldrinum 30 til 60 ára og 720 eru 70 ára og eldri. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um íbúafjölda 1. desember. Eins og greint hefur verið frá voru Vestfirðingar þá 7.363 talsins og hafði þeim fækkað um 0,1% milli ára.

Ætlar að opna gistiheimili

Ísfirski athafnamaðurinn Guðmundur Tryggvi Ásbergsson hefur í hyggju að opna gistiheimili á Suður-eyri um næstu páska. Hann festi kaup á húsnæðinu að Túngötu 2 þar sem heilsugæslan var eitt sinn til húsa.

„Það er verið að vinna í húsnæðinu á fullu og ég vonast til að geta opnað þarna 16-17 herbergja gistiheimili um páskana,“ segir Guðmundur. Hann segist vonast til þess að um verði að ræða heilsársrekstur en það sé þó ekki ákveðið. „Það er líka verið að skoða að vera með annan rekstur þarna yfir vetrartímann en það á allt eftir að koma í ljós.“



Inn að beini

Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, frístundaleiðbeinandi

Alberta Gullveig stundar nám við Menntaskólann á Ísafirði og er auk þess frístundaleiðbeinandi. Hún sinnir einnig formennsku fyrir nemendafélag skólans. Þegar hún var yngri ætlaði hún að gera sjómennsku að ævistarfi sínu enda komin af sjómönnum langt fram í ættir.

Aðrirfarikasta ákvörðun lífs þíns?

Ég hef nú ekki pælt í þessu áður, kannski svarið sé það þegar ég fór í nemendaráð í grunnskóla, þar vaknaði áhugi minn á félagsstörfum. Nei, ég veit það ekki, ég er svo ung enn að ég hef ekki þurft að taka neinar svakalegar ákvarðanir.

Hvar langar þig helst að búa?

Mig langar að prófa að búa í stórborg í einhverju framandi landi í nokkur ár, en snúa síðan aftur heim til Íslands.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Ég get ekki valið, ég hef átt svo margar góðar stundir með fjölskyldu og vinum.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Þegar að tannálfurinn skyldi eftir gullpening fyrir tönnina mína undir vitlausum koddum, það var mikið svekkelsi á sínum tíma.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Ætli það sé ekki bara facebook, góður samskiptamiðill.

Uppáhaldslagið?

Flest lög með Coldplay.

Uppáhaldskvikmyndin?

Grenjumyndin Notebook.

Uppáhaldsbókin?

Ljósaskipti.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Pau eru nokkur, ferðin til Tælands með fjölskyldu minni og síðan útskriftarferðin til Magaluf 2009.

Uppáhaldsborgin?

Ég hef ekki enn ferðast nóg til að finna uppáhaldið en ég er voðalega heilluð af París.

Besta gjöfin?

Ég á einn hring sem ég fékk í gjöf sem er algert uppahald.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Nei, mér finnst það frekar hæpið. Það þarf allavega að sanna það fyrst, þá skal ég trúna því.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Ég er hálf handalaus ef ég er ekki með símann minn.

Fyrsta starfið?

Það var sennilega þegar ég var barnapía 12-13 ára.

Draumastarfið?

Skemmtileg og hálaunuð vinna.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Mér er yfirleitt aldrei líkt við neinn annan en móður mína, Ragnheiði Hákonardóttur.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Það er Reykjafjörður inni í Ísafjarðardjúpi, það er alltaf fallegt yfir honum.

Sköndnasta upplifun þín?

Ég myndi nú segja að það hafi verið í gjörning hjá Morranum, þegar að við vorum í 80' s búningum að gera Jane Fonda æfingar á hringtorginu. Það var ágætlega steikt.

Aðaláhugamálið?

Félagsstörf, leiklist og já, world peace.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Auðvitað google.com, þar finnst þú allt.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Það var frekar klassískt, ég kem af sjómannaættum og fyrir mér var ekkert meira spennandi en að verða sjómaður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Ætli það sé ekki ákveðin sem í mér býr.

En helsti löstur?

Ég bý ekki yfir neinu svoleiðis, læt ekkert draga mig niður.

Besta farartækið?

Bíllinn er afar góður.

Hver er uppáhalds hátíðardagurinn þinn?

Ég ætla að segja afmælisdagurinn minn, mér finnst svo gaman að fá að eiga einn svona dag á árinu fyrir mig.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Ég lít mest upp til mömmu.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ég er mjög ánægð með nafnið mitt og myndi alls ekki vilja breyta því.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Nóttin er minn tími.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Ég er naut.

Lífmottólið þitt?

Ég lífi nú ekki eftir neinu sérstöku mottói, það er bara best að vera maður sjálfur.

Nýskráningum félaga fjölgaði um 70% milli ára á Vestfjörðum

Nýskráningum á hluta- og einkahlutafélögum á fjölgaði hlutfallslega mest á milli ára á Vestfjörðum, eða um ríflega 70%. Sjötíu og fimm ný félög voru nýskráð á síðasta ári samanborið við 44 árið 2008. Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.642 á síðasta ári á landinu öllu og fjölgaði um tæp 3% frá árinu 2008 þegar 2.571 ný félög voru skráð. Flestar nýskráningarnar voru fyrir starfsemi eignarhaldsfélaga og vegna leigu atvinnu-

húsnæðis eða 20% nýskráninga. Skipting nýskráninga eftir landsvæðum er nokkuð svipuð á milli ára en sem fyrr eru flestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu eða 72%.

Eins og fyrr segir voru 75 ný félög skráðá Vestfjörðum á síðasta ári árið 2009 en það eru um 10 félög á hverja 1000 íbúa. Nýskráð félög á Vestfjörðum árið 2009 eru einu færri en nýskráð félög árið 2007, en þá voru þau 76. Á árunum 1999 til 2009



Nýskráningum á hlutafélögum á fjölgaði hlutfallslega mest á Vestfjörðum, eða um ríflega 70%. voru flest félög nýskráð árið 2002, eða 128. Fæst félög voru nýskráð 2008 en þá voru eins og fyrr segir 44 félög nýskráð. Flest félög sem voru nýskráð árið 2008 voru í útgerð smábáta en þau voru sex talsins. Árið 2009 voru 23 félög af þeim 75 sem nýskráð voru 2009, skráð sem útgerð smábáta og 8 félög skráð sem útgerð fiskiskipa. Á Vestfjörðum 2009 voru 9 félög nýskráð í leigu atvinnuhúsnæðis og 7 veitingastaðir voru nýskráðir árið 2009. – kristjan@bb.is

Von á vænlegri sjóstangavertíð

Bókanir ganga vel hjá Hvíldarkletti ehf., fyrir komandi sjóstangavertíð og er útlit fyrir aukningu milli ára. „Bókunarstaðan er þokkaleg og það lítur allt út fyrir að það verði viðbót frá fyrra ári,“ segir Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts sem rekur ferðapjónustu fyrir sjóstangaveiðimenn á Suðureyri og Flateyri. Fyrstu gestirnir eru væntanlegir 20. apríl en vertíðin fer af stað fyrir alvöru mánaðamótin apríl-maí. Jón Svanberg segir engar breytingar vera fyrir-sjáanlegar á starfseminni. „Við gerum út 22 báta á stöðunum tveimur. Hús hafa verið reist sérstaklega undir starfseminna. Þá leigjum við til okkar fleiri hús á álagstímum til að geta fullnýtt

bátaflotann.“ Sjómenn hafa undanfarin miss- verið að veiða afar stóra fiska og síðasta sumar röðuðu Bobbybátarnir inn stórlúðum og voru þær stærstu tæp 80 kg. Aðspurður segir Jón Svanberg að fregnir af sliku gefi fyrirtækinu byr undir vængi. „Svona lagað spyrst út mjög hratt út. Menn nota netið mikið og því heyrst fljótt á milli manna jafnt ánægja eða óánægja.“

Fyrirtækið Angelreisen í Hamburg sem sérhæfir sig í stangveiðiferðum er helsti samstarfsaðili Hvíldarkletts og koma flestir veiðimannanna frá Þýskalandi. Hver hópur sem kemur er viku í senn og menn eru frá tveimur og upp í fimm saman um hvern bát.

– thelma@bb.is

„Ekki að fara að hætta við neitt“

„Við erum búnir að vera að vinna í þessu í eitt og hálf ár, leggja mikla fjármuni í verkefnið og mikla vinnu þannig við erum ekkert að fara að hætta neitt,“ segir Birgir Viðar Halldórsson, framkvæmdastjóri Brúarfoss ehf., sem hyggst setja á fót vatnsverksmiðju á Ísafirði og mun fá allt umframvatn sem fellur til á Ísafirði til útflutnings, eftir að þörfum heimila og fyrirtækja hefur verið annað, samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ.

„Við erum að vinna í fjármögnuninni og ég tel ekki tímabært að fara að tala um hvenær vatnsverksmiðjan gæti tekið til starfa,“ segir Birgir. Í samtali

við Bæjarins besta í mars á síðasta ári sögðu forsvarsmenn Brúarfoss að illa gengi að fá fjármagn inn í verkefnið og að ástandið á Íslandi hefði áhrif á það.

Samkvæmt samningi Ísafjarðarbæjar á fyrirtækið að hefja útflutning fyrir lok apríl 2010. Brúarfoss ehf. er með húsnæði við Sindragötu á Ísafirði á leigu og þar var lögð inn sérstök vatnslögn fyrir þarfir fyrirtækisins. Samningurinn við Ísafjarðarbæ gengur í meginatriðum út á réttinn til nýtingar vatnsins. Sé fyrirhuguð starfsemi ekki komin í fullan gang fyrir lok apríl, fellur hann í heild sinni úr gildi án sérstakrar uppsagnar. – kristjan@bb.is

Fyrningarleiðin er feigðarför

- gegn ábyrgri fiskveiðistjórnun
- gegn rekstrargrundvelli sjávarútvegsfyrirtækja
- gegn atvinnuöryggi sjómanna og fiskverkafólks
- gegn sjávarbyggðum þar sem aflaheimildirnar eru

Um 8 þúsund manns starfa við fiskveiðar og vinnslu sjávarafurða um allt land.*

Af þessum 8 þúsund störfum er langstærsti hlutinn á landsbyggðinni. Þar eru 90% aflaheimildanna.

Þessi 8 þúsund störf í sjávarútvegi skapa um 16 þúsund afleidd störf um allt land. Stór hluti þeirra er á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi starfa í sjávarútvegi og afleiddra starfa samsvarar íbúafjölda í eftirtöldum sveitarfélögum:

Árneshreppur	Sveitarfél. Skagaströnd	Vesturbýggð	Grindavíkurbær
Súðavíkurhreppur	Vopnafjarðarhreppur	Bolungarvík	Ísafjarðarbær
Tálknafjarðarhreppur	Seyðisfjörður	Snæfellsbær	Vestmannaeyjar
Djúpavogshreppur	Grundarfjarðarbær	Sveitarfél. Hornafjörður	Fjarðabyggð

Nokkur dæmi um afleidd störf vegna áhrifa frá sjávarútvegi:

Störf í fiskvinnslu og á fiskmörkuðum
Matvælaframleiðsla og -sala
Flutningastarfsemi á sjó, landi og í lofti
Flutningsmiðlun og tollþjónusta
Banka- og fjármálastarfemi
Störf við bókhald og endurskoðun
Tryggingastarfsemi
Störf við hafnir landsins

Framleiðsla á vinnslulínunum
Veiðarfærarsala og -þjónusta
Framleiðsla og sala á hlífðarfatnaði
Oliúsala og -dreifing
Störf við skipaviðgerðir
Málningar- og efnaframleiðsla
Vélsmiðjur og rafverkstæði
Verkfæra- og varahlutasalar
Sala og þjónusta hátækniúnaðar í fiskiskip
Tölvuþjónusta og hugbúnaðargerð
Umbúðaframleiðsla og -prentun
Vísinda- og rannsóknastofnanir
Starfsfólks eftirlitsstofnana og ráðuneyta

Látum ekki vanhugsaðar hugmyndir kippa grundvöllinum undan sjávarútveginum. Hann mun gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu hagkerfisins á nýjan leik.

Útvegsmannafélag Vestfjarða

* Heimild: Hagstofa Íslands



Vanrækslugjöld vegna óskodaðra ökutækja skiluðu yfir 238 milljónum í ríkissjóð á síðasta ári en þá var í fyrsta sinn tekið hart á bifreiðaeigendum sem vanræktu að fara með bifreiðar sínar til skoðunar á réttum tíma.

Vanrækslugjöld skiluðu yfir 238 milljónum í ríkissjóð

Vanrækslugjöld vegna óskodaðra ökutækja skiluðu yfir 238 milljónum í ríkissjóð á síðasta ári en þá var í fyrsta sinn tekið hart á bifreiðaeigendum sem vanræktu að fara með bifreiðar sínar til skoðunar á réttum tíma. Innheimta gjaldsins hefur verið í höndum Sýslumannsembættisins

í Bolungarvík. Að sögn Jónasar Guðmundssonar sýslumanns hefur ekki dregið úr því bifreiðaeigendur vanræki að fara með bíla sína í skoðun.

„Það hefur ekki verið nógu mikil minnkun. Mér sýnist því ekkert lát verða á vanrækslugjöldum þetta árið.“ Jónas bætir við að töluvert er um það að bifreiðaeigendur skili sér ekki í endurskoðun. „Tilgangurinn

með vanrækslugjaldinu er að fækka óskoduðum ökutækjum í umferð. Það hefur þó ekki borið árangur sem skyldi, því er nú verr og miður,“ segir Jónas.

Á síðasta ári voru sendar út rúmlega 57 þúsund kröfur vegna vanrækslugjalda. Þá voru 31 þúsund krafa greidd en enn eru ógreiddar 26 þúsund. Því eru enn útistandandi kröfur upp á 140 milljónir króna. – *thelma@bb.is*

Spurningin

Ert þú komin(n) í vandræði með að standa við fjárhagslegar skuldbindingar þínar?

Alls svöruðu 530.
Já sögðu 197 eða 37%
Nei sögðu 333 eða 63%

Netspurningin er birt vikulega á *bb.is* og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Auslæg átt. Snjócoma eða slydda sunnan- og vestanlands og hiti 0-5 stig, en annars úrkomulítið og vægt frost.

Horfur á laugardag: Austanátt með vætu af og til sunnan- og suðaustanlands, en annars víða bjart. Svipaður hiti.

Horfur á sunnudag: Austanátt með vætu af og til sunnan- og suðaustanlands, en annars víða bjart. Svipaður hiti.

Ritstjórnargrein

Eftir því er beðið

Vonandi er ekki farið að fjara undan þjóðfundinum, sem haldinn var um miðjan nóvember, þar sem krafa var uppi um að heiðarleiki yrði leiðarljós hins nýja Íslands; nokkuð sem kom ekki á óvart eftir það sem á undan var gengið.

Þótt ekki sé langt um liðið síðan þessi einstæði fundur fór fram hefur mikið gengið á í þjóðfélaginu; átök sem engan veginn er séð fyrir endann á. Við þær aðstæður er nú boðað til nýrra þjóðfunda á einum átta stöðum víðs vegar um land. Að þessu sinni af hálfu stjórnvalda til að „kanna viðhorf þjóðarinnar almennt (hvað) varðar stefnumörkun í málum sem stjórnvöld vinna að um þessar mundir,“ eins og það hefur verið orðað. Eitt til tvö hundruð sérvöldum fulltrúum, eftir úrtaki úr þjóðskrá, er boðið til borðs með tilteknum ráðherrum, sveitarstjórnarmönnum og sérfræðingum til að tjá hug sinn og vilja um leiðir til eflingar heimabyggðinni. Fundurinn með Vestfirðingum er fyrirhugaður á Ísafirði á laugardaginn.

Ekki skal lasta vilja stjórnvalda til að „ná samstöðu um lykilaávarðanir og framtíðarsýn fyrir atvinnulíf og samfélag“ við heimamenn hinna ýmsu staða, sem ætlunin er heimsækja. Eitt ber að hafa í huga að með þessum fundum er ekki verið að finna upp hjólið á ný.

Þótt fáein ár kunnir að þykja langur tími í pólitík minnst býsna margir yfirlýsinga fyrri tíma stjórnvalda um þrjá byggðakjarna utan

Nauðungarsölum fækkar á milli ára

Nauðungarsölum á fasteignum, skipum og loftförum í umdæmi Sýslumannsins á Ísafirði fækkaði á milli ára en 71 máli var lokið á síðasta ári miðað við 125 árið 2008. Munurinn þykir þó eðlilegur þar sem mun meira var um frestanir vegna laga nr. 108/2009 og 23/2009 sem samþykkt voru í kjölfar bankahrunsins. Á grundvelli laganna geta gerðarþolar beðið sýslumann um frest sjálfir en annars geta það aðeins gerðarþolar beiddur en þá er yfirleitt um að ræða stutta fresti þar sem mál færast á næstu fyrir-töku.

Alls var níu eignum frestað til og með 31. október á síðasta ári vegna laga nr. 23/2009 og níu hefur verið frestað til og



með 28. febrúar vegna laga nr. 108/2009. Fleiri málum verið frestað en ekki á grundvelli þessara laga. 58 málum var ólokið á síðasta ári samantalið við tíu árið áður, það má rekja til aðgerða stjórnvalda, sbr. fyrrgreind lög, til björgunar heimilanna. Þá voru gefin út 33 afsöl árið 2008 en 13 á síðasta ári. Fjöldi nýrra mála stóð nokkum veginn í stað en þau voru 103 á síðasta ári en 100 árið áður.

– *thelma@bb.is*



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Halldórs Magnússonar
frá Hnífsdal

Guð blessi ykkur öll.

Inga S. Magnúsdóttir

Helga Rut Halldórsdóttir Karl Þór Björnsson
Sara Halldórsdóttir Þorfinnur P. Eggertsson
og aðrir aðstandendur

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Leggjast ekki gegn rannsóknarleyfi á kalkpörungasetri í Dýrafirði

Ísafjarðarbær hyggst ekki leggja gegn umbeðnu rannsóknarleyfi Íslenska kalkpörungafélagsins ehf, um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkpörungasetri í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þetta kemur fram í umsögn Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra sem lögð var fram á bæjarráðsfundi þegar tekið var fyrir bréf Orkustofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins. Í umsögn Halldórs vill hann benda á að sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt viljayfirlýsingu um svæðisskipulag þar sem sérstaklega verði tekið til skoðunar skipulag strandsvæða Vestfjarða. Halldór segir að það sé, og hafi lengi verið vilji sveitarfélaga á Vestfjörðum að skipulagsvald sveitarfélaga nái lengra en 115 metra frá stórstraumsfjöruborði þannig að sveitarfélögin hafi skipulagsvald yfir fjörðum og víkum og jafnvel eitthvað frá landi.

Halldór segir í umsögn bæjarráðs að af hálfu Ísafjarðarbæjar sé gerð sú krafa að ef vinnanlegt



Ísafjarðarbær hyggst ekki leggja gegn umbeðnu rannsóknarleyfi Íslenska kalkpörungafélagsins ehf, um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkpörungasetri í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

magn kalkpörunga finnst verði vinnslan á svæðinu. Halldór segir að það megi ekki gerast að efni sé dælt upp og flutt óunnið eða lítt unnið í verksmiðjur erlendis. Standi slíkt til er það afstaða Ísafjarðarbæjar að ekki eigi að veita leitar- og rannsóknaleyfi. Í bréfi bæjarstjóra segir hann að honum sé vitanlega kunnugt um að Íslenska kalkpörungafélagið rekur vinnslu á Bíldudal og er því ekki

líklegt til að flytja vinnslu afurðanna í burtu.

Í erindi sem Íslenska kalkpörungafélagið ehf sendi Orkustofnun 30. desember er sótt um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkpörungasetri á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Rannsóknir munu fara fram utan netlaga, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði og ná frá ystu annesjum og inn í botn fjarðanna þriggja.

Segir í bréfi Orkustofnunar að samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda og Hafrannsóknastofnunni liggja ekki fyrir upplýsingar um kalkpörunga á framangreindum leitar- og rannsóknasvæðum. Það kemur einnig fram í bréfi Orkustofnunar að umsækjanda sé ekki kunnugt um rannsóknir á lausum jarðlögum á framangreindum leitar- og rannsóknarsvæðum. Umsóknin tekur einnig

til forgangs að leyfi til hagnýtingar á kalkpörungasetri á þessum svæðum.

Umhverfisstofnun Ísafjarðarbæjar bókaði á fundi sínum 13. janúar: „Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að leitar- og rannsóknaleyfi verði veitt, enda skaði það ekki sjókvældi í Dýrafirði. Áður hefur verið veitt leyfi fyrir sjókvældi á laxi, regnbogasilung og þorski.“

HEIMILISDAGAR

VERÐIÐ LÆKKAR

 <p style="text-align: center;">1.490 kr/m² 1.990 kr/m²</p> <p>Eikarplanki</p> <p>Plastparket Egger, eikarplankalíki 146948</p>	 <p style="text-align: center;">2.399 kr/m²</p> <p>Frostþolnar</p> <p>Gólfplis Petra Serena 30x30sm, gegnheilur, 8,6 mm þykkar 8630030</p>
 <p style="text-align: center;">1800W</p> <p>Ryksuga 315W sog- kraftur 1804264</p> <p style="text-align: center;">15.900</p>	 <p style="text-align: center;">22.900 23.995</p> <p>Skolvaskur, Stál 8031300</p>
<p style="text-align: center;">20% afsláttur</p> <p style="text-align: center;">Henrad ofnar</p> 	

FYRIR BÍLSKÚRINN OG GEYMSLUNA



Hillurekkar
verð frá:
7.995

 <p style="text-align: center;">Tjörureinsir 1ltr 699 999</p> <p>5023570</p>	 <p style="text-align: center;">2.999 3.899</p> <p>Bílkústur Claber 5081645</p>
--	---

Skoðaðu úrvalið á www.husa.is



HÚSASMÍÐJAN

Oddvitaefni Sjálfstæðisflokksins Ísafjarðarbæ – spurningar og s

Bæjarins besta leitaði til þeirra þriggja sem gefa kost á sér í oddvitasætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ og lagði fyrir þau nokkrar spurningar. Þessir frambjóðendur eru (í stafrófsröð) Eiríkur Finnur Greipsson, Gísli Halldór Halldórsson og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Spurningarnar og svörin fara hér á eftir.

1. Fyrir hvaða málefnum hyggstu beita þér af mestum krafti á vettvangi bæjarmála í Ísafjarðarbæ?

Eiríkur: Meginviðfangsefni kjörinna fulltrúa er að tryggja innviði sveitarfélagsins. Til að svo megi vera verður rekstur bæjarins áfram að vera traustur og ábyrgur. Það verða því fjármálin, rekstur sveitarfélagsins, forgangsröðun verkefna með það fyrir augum að verja grunnþjónustuna, að tryggja samstöðu meðal íbúanna og sátt um rekstur sveitarfélagsins, sem ég mun vinna að.

Gísli: Ég vil bæta stjórnsýsluna og auðvelda fólki að vinna sem heild þannig að starfskraftar njóti sín sem allra best. Góð samskipti og skilningur milli íbúa og sveitarfélagsins eru nauðsyn til að styrkja og efla samfélagið og einstaka bæjarhluta.

Guðfinna: Í ljósi þess efnahagsástands sem við búum nú við tel ég mikilvægast að halda vel utan um fjármál bæjarfélagsins og gæta aðhalds í rekstri. Leita þarf leiða til að auka hagræðingu án þess þó að skerða grunnþjónustuna. Vinna þarf að því efla atvinnulíf og skapa ný atvinnutækifæri því ekki einungis skilar það meiri tekjum heldur bætir búsetuskilyrði.

2. Hverjir eru að þínum dómi helstu vaxtarsprotar til framtíðar í atvinnulífi í Ísafjarðarbæ?

Gísli: Við eigum allt undir sjávarútvegi. Ef réttur okkar til auðlindarinnar verður virtur, þá er þarna líka mesti vaxtarsprotinn. Að því slepptu er mikilvægast að halda áfram á þeirri braut sem fetuð er í Háskóla- og Þróunarsetrinu. Þar byggist upp þekking og mannauður sem leiðir af sér hugmyndir, framkvæmdir og ný störf.

Guðfinna: Vestfirðingar hafa alla tíð byggt afkomu sínu á sjávarútvegi og ég tel að við eigum

að halda áfram að þróa það sem við kunnum best, þ.e. veiðar og vinnslu sjávarfangs. Alltaf er verið að leita leiða til að auka verðmæti afla úr sjó og starfsemi 3X Technology, tilraunir með þorskeldi og þróun á lækningavörum úr fiskipróteínum sýna að á þessu sviði eru mörg tækifæri. Sama má segja um ferðaþjónustuna, svæðið er einstakt og hefur margt að bjóða. Lykillinn að því að efla ferðaþjónustuna sem atvinnugrein og fjölga ferðamönnum er góð þjónusta og markviss markaðssetning.

Eiríkur: Fyrir stuttu spurði ég hóp manna hvaða auðlindir við ættum hér og svarið var langt: Fólkið, vatn, hreint loft, norðurljós, snjór, sjór, skammdegi, fjöll, strandlengja, fiskur, ár, landbúnaður – já, og svo framvegis. Allir þessir þættir munu nýtast okkur til vaxtar, undir djarfri og jákvæðri forystu einstaklinga og fyrirtækja. Hlutverk bæjarfélagsins er að tryggja uppbyggjandi atvinnuumhverfi til að tækifærin til framfara nýtist.

3. Hvert er viðhorf þitt til núverandi skipanar sjávarútvegs mála (kvótakerfisins)?

Guðfinna: Að sumu leyti hef ég skilning á skoðunum þeirra sem eru óánægðir með kvótakerfið og framsal aflaheimilda. Kerfið er alls ekki fullkomið en enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á betra fyrirkomulag. Það verður líka að hafa í huga að þegar lítið er til skiptanna eykst óánægjan. Ég hef miklar efasemdir um þær hugmyndir að innkalla kvótann skv. hinni svokölluðu fyrningarleið því mjög er á reiki hvernig úthlutun aflahheimilda yrði þá háttáð og hvað nákvæmlega yrði fengið með þessari breytingu.

Eiríkur: Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er ekki gallalaust.



Eiríkur Finnur Greipsson.

Í umræðum um kvótakerfið verður að gera greinarmun á stjórnunarhlutanum og fiskveiðiráðgjöfnni. Heillavænlegast er að byggja framþróun sjávarútvegsins á núverandi kerfi. Við verðum að gera betur í fiskveiðiráðgjöfnni og dýpka vísindalegu umræðuna. Núverandi stefna ríkisstjórnarinnar er stórhættuleg og mjög skaðleg fyrir alla sem í greininni starfa og þar með dreifbýlið.

Gísli: Núverandi kvótakerfi er tilraun sem hefur mistekist illilega. Okkar samfélag hefur ekki notið þess réttlætis sem það á skilið í þessu kerfi. Markmiðum um að treysta byggð og atvinnu í landinu hefur ekki verið fylgt með þeim hætti að landsbyggðin hafi notið góðs af. Arðurinn af auðlindinni hefur ekki runnið til okkar sem eigum hana, heldur hefur stórum hluta hans verið glutrað niður í misheppnuðum fjárfestingum bankanna á erlendri grundu. Frá árinu 1991 hefur Ísafjarðarbær tapað yfir 2% af heildarkvóta landsmanna. Þarna erum við að tala um 4-5 milljarða og 150-300 störf við vinnslu og veiðar, eftir því við hvaða ár er miðað. Afleiðd störf í verslun og þjónustu eru þá alveg ótalin. Lausnin á fiskveiðistjórnunarmálum þarf að vera blönduð, það er ekki til nein ein töfralausn eins og framseljanlegir veðkvótar áttu að verða. Hvernig sem þessum málum verður háttað í framtíðinni, þá er mikilvægt að gefa fólki kost á að spreyta sig í útgerð og sjómennsku, þeirri atvinnugrein sem Íslendingar hafa lengi byggt á og Vestfirðingar alltaf. Þar geta strandveiðarnar svokölluðu hentað frábærlega.

4. Hvar þyrfti helst að taka til



Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.

hendinni í velferðarmálum í Ísafjarðarbæ á næstu árum?

Eiríkur: Þó verkefnið liggi víða er það á sviði öldrunar- og leikskólamála. Börnum á leikskólaaldri verður að tryggja ódýrari aðgang en er í dag. Ég tel að stefna beri að því að sömu reglur gildi um leikskóla og grunnskóla varðandi kostnað og aðgengi. Brýn nauðsyn er á auknu hjúkrunarrými, enda skylda okkar að hlúa að öldruðum heima í héraði.

Guðfinna: Ég tel það verkefni vera að bæta aðbúnað aldraðra með byggingu hjúkrunarheimilis. Undirbúningur þessa máls er þegar hafinn og mikilvægt að fylgja því fast eftir að samningar náist við ríkisvaldið um þessa framkvæmd.

Gísli: Það þarf að auka þann mannauð sem býr í samfélaginu með því að gefa öllum kost á að leggja sitt á vogarskálarnar í samfélaginu. Við þurfum að rækta okkar garð, einstaklingana, og auka þannig velferð og farsæld. Af einstökum málaflokkum má nefna áframhaldandi uppbyggingu heimþjónustu fyrir aldraða.

5. Hver ættu að þínum dómi að vera næstu skrefin í samgöngumálum á Vestfirðum?

Gísli: Að minnu mati eru jarðgöng frá Ísafjarðarbæ til Breiðafjarðar það sem helst gæti orðið til þess að efla byggð á Vestfirðum. Þarna á ég við göng í Arnarfjörð og göng þaðan undir Dynjandisheiði. Sá skortur á samgöngum sem við höfum alla tíð búið við hefur komið í veg fyrir að hér myndist það blómlega atvinnusvæði sem auðlindir og atorka Vestfirðinga geta hæglega staðið undir.

Eiríkur: Nú ríður á að koma samgöngum á milli Barðastrand-



Gísli H. Halldórsson.

ar- og Ísafjarðarsýslu í betra horf, enda mun tengingin efla þjónustu og verslun á Ísafirði og styrkja suðurfirðina. Verkefnið er æþandi allt í kringum okkur, en vegna efnahagsþrenginga verðum við Vestfirðingar að ná samstöðu um forgangsröðun. Ég vil þó nefna í áhersluröð tollafgreiðslu á flugvöllinn (m.a. vegna Grænlands), Dýrafjarðar- og Súðavíkurgöng og hringtengingu ljósleiðara.

Guðfinna: Nýr og fullkominn vegur sem tengir saman byggðir á norðanverðum og sunnanverðum Vestfirðum, m.a. með göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

6. Styðurðu frekari sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfirðum?

Guðfinna: Ég er hlynnt frekari sameiningu sveitarfélaga á Vestfirðum og tel að bættrar samgöngur og sífelld tækniþróun í fjarskiptum auðveldi þá þróun. Fjarlægðir eru afstætt hugtak því að áður fyrr gat það verið dagleið að komast milli staða innan sama hrepps en nú er dagleið frá Ísafirði til Akureyrar. Aðalatriðið í þessu máli er að sveitarfélögin á Vestfirðum eiga margt sameiginlegt og hagsmunir þeirra eru oft hinir sömu.

Gísli: Ég styð hana ekki nema hún verði framkvæmanleg í raun og veru. Hér eru sjó þorp með mikla landfræðilega dreifingu. Sameining þeirra verður að miða að því að auka þjónustu og styrkja svæðið en ekki að því að draga saman seglin. Ef ríkisvaldið ætlar að keyra málið áfram þarf að skilgreina aðferðir sem gera okkur kleift að efla samfélagin.

Eiríkur: Sameiningin hér 1996 tókst og hana studdi ég

okksins í ur og svör

heilshugar. Þvingaðri sameiningu sveitarfélaga á landsbyggðinni er ég hins vegar alfarið á móti. Ef málið er að ná fram þjóðhagslegum sparnaði, þá á að sameina sveitarfélög á SV-horni landsins. Ég styð hins vegar sameiningu sem byggð er á vali íbúanna og sannfæringu þeirra um að það styrki samfélagið.

7. Hvernig líst þér á að Vestfjarðakjálkinn yrði allur eitt sveitarfélag?

Eiríkur: Mér finnst það geta komið til greina, en uppbygging stjórnsýslunnar yrði þó að vera með allt öðrum hætti en er í dag. Slíkar hugmyndir eru í mótun og þróun og ég hef brennandi áhuga á að taka þátt í því starfi. Ég set þó alltaf miklar spurningar í þessum efnunum vegna áráttu stjórnvalda að ná til sín öllum þeim sparnaði sem sameiningar skila.

Gísli: Ef samgöngur væru um alla Vestfirði, og jafnvel rafmagn og internet, þá værum við því sem næst komin í Paradís. Með slík 20. aldar þægindi mætti ræða sameiningu á þeim forsendum að sýnt verði fram á leiðir sem tryggja að samfélögin eflist en hrönnu ekki.

Guðfinna: Ef aðstæður leyfðu slíkt, t.d. fullkomnar samgöngur og tenging milli staða, þá litist mér vel á það enda yrði þá orðið til stórt og öflugt sveitarfélag sem gæti tekið að sér verkefni sem litil sveitarfélög ráða ekki við. Sumir óttast afdrif smærri sveitarfélaga í slíkri sameiningu og óhjákvæmilega verða ýmsar breytingar vegna hagræðingar en tækifærin verða ekki frá þeim tekin eða möguleikarnir á að skapa íbúnum góð búsetuskilyrði. Við svona stóra sameiningu þarf hins vegar að gæta vel að hinu lýðræðislega vægi þannig að allir íbúar geti haft áhrif óháð búsetu.

8. Hvað finnst þér um samskipti ríkisvaldsins og íslenskra sveitarfélaga?

Gísli: Oft hafa þau einkennst af ofmiklum flokkadráttum. Ríki og sveitarfélög eiga að vinna saman fyrir þegnana, en þegar meirihlutflokkar í ríkisstjórn eru að slást við meirihlutflokka í borgarstjórn Reykjavíkur, þá lenda önnur sveitarfélög stundum í skotlínunni. Verst er hve stjórnvöld eiga erfitt með að vinna af



heilindum eftir markmiðum sem sett hafa verið um byggðastefnu. Í hverju einasta máli þarf að minna á þessi byggðasjónarmið og samt er ekkert endilega farið eftir þeim.

Guðfinna: Þar sem ég hef ekki starfað í bæjarstjórn veit ég ekki af eigin reynslu hvernig þessum samskiptum er háttað og hef ekki kynnt mér þennan málaflökk.

Eiríkur: Sveitarfélög eru í mörgum tilvikum betur til þess fallin að sinna þjónustu við íbúa sína en ríkisvaldið. Það er því ágætis mál að sveitarfélög taki að sér fleiri verkefni sem eru nú á herðum ríkisvaldsins en þá verður fjármagn að fylgja frá ríkinu í réttu samhengi við þau verkefni. Núverandi afmörkun tekjustofna sveitarfélaga verður hins vegar að endurskoða.

9. Telur þú að sveitarfélögin eigi að fá auknið sjálfstæði frá ríkisvaldinu?

Guðfinna: Ég hef ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega eða myndað mér skoðun á því. Í stjórnarskránni er mælt fyrir um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og munu þau t.d. hafa meira sjálfstæði en tíðkast í nágrannalöndunum. Ég held þó að það hljóti að liggja í hlutarins eðli að sjálfstæði sveitarfélaganna eykst eftir því sem þau fá fleiri verkefni. Þá eru fleiri ákvarðanir teknar innan sveitarfélaganna og færri hjá ríkinu.

Eiríkur: Í mínum huga er nauðsyn á að stíga þau spor með mikilli varúð. Breyting á núverandi stjórnskipan er ekki brýn. Mestu skiptir að sveitarfélögin um land allt vandi til verka í því að veita íbúum sínum bestu þjón-

ustu sem völ er á en séu um leið ábyrgi og meðföllum sínum á skattfé borgaranna. Viðræður um flutning verkefna eru í gangi og sú vinna mun halda áfram.

Gísli: Ég vil að sem mest sjálf-ræði verði fært til sveitarfélaga og innan þeirra til íbúanna sjálfrá og einstakra þorpa. Því þarf þó að fylgja skýr rammi og skipulag.

10. Hvernig meturðu útlitið í fjármálum Ísafjarðarbæjar næstu árin?

Eiríkur: Miðað við úttekt mína á fjármálum Ísafjarðarbæjar hefur rekstur bæjarsjóðs í samamburði við önnur sveitarfélög verið ábyrgur og góður. Hættan sem við okkur blasir er öryggisleysi í atvinnumálum og frekari fækkun íbúa. Gegn þeirri þróun verður áfram að spyrna. Hér eru víða tækifæri og við þurfum að virkja enn frekar kraftinn í fólkinu og nýta þau tækifæri sem eru hér til staðar.

Guðfinna: Þrátt fyrir að bæjarfélaginu sé þröngt skorinn stakurinn núna og ekki mikið svigrúm til framkvæmda, þá er staðan viðunandi. Með áframhaldandi hagræðingu í rekstri og skynsamlegri ráðstöfun fjármagns til framkvæmda má áfram tryggja fjárhagslegan stöðugleika bæjarfélagsins. Vonandi horfum við fram á bata í efnahagslífi landsins á næstu árum og hefði sú þróun að sjálfsögðu jákvæð áhrif á fjárhag bæjarins og yki svigrúm til að bæta þjónustu og framkvæma meira.

Gísli: Fjármálin verða okkur erfið eins og verið hefur. Hér hefur verið kreppt á aldarfjórðung og framkvæmdum og viðhaldi verið þröngt sniðinn stakk-

ur allan þann tíma. Okkur hefur tekist að leysa þau mál og munum halda því áfram.

11. Hvernig meturðu útlitið í fjárhag íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar næstu árin?

Gísli: Ég óttast að hann verði erfiður. Vonandi verður áfallið þjóðinni lærdómur þannig að hægt verði að halda áfram með landnám Íslands áður en farið verður í frekari útrás.

Eiríkur: Ég el þá von í brjosti að stjórnvöldum auðnist að skapa atvinnulífi hvetjandi rekstrarumhverfi. Því miður er núverandi ríkisstjórn að valda miklum skaða, til að mynda með skattahækkunum sem eru algjörlega úr hófi. Aðeins með aukinni atvinnustarfsemi, nýtingu auðlinda okkar og framleiðslu, verður unnt að tryggja hagsæld og sókn til endurreisnar, en því miður sýnist mér núverandi stjórnvöld ekki hafa neinn skilning þar á.

Guðfinna: Þegar menn hafa komið sér saman um að taka þær ákvarðanir sem þarf að taka, þá held ég að fyrsta skrefið hafi verið tekið í átt að efnahagslegum bata. Þetta verður hins vegar síður en svo skjóttur bati og skerðing lífsskjara næstu árin er óhjákvæmileg. Náttúruauðlindir og mannauður munu hins vegar gera þjóðinni kleift að ná sér á strik fyrr en síðar.

12. Telur þú rétt að auka með einhverjum hætti áhrif og sjálfstæði einstakra byggðakjarna Ísafjarðarbæjar?

Guðfinna: Það væri ákjósanlegt að efla íbúasamtök á hverjum stað fyrir sig, því að í gegnum þau geta íbúarnir haft áhrif á

ákvarðanatöku bæjarstjórnar varðandi sín hagsmunamál.

Gísli: Já. Ég tel að við eigum gæfu okkar undir því að við finnum leiðir til að virkja þann kraft sem býr á hverjum stað fyrir sig. Ég kann enga töfralausn en hef í námi mínu í strandsvæðastjórnun við Háskólasetrið undanfarn tvö ár fengið smjörþefinn af leiðum til eflingar sem hafa verið þróaðar víða, svo sem í Kanada. Við ættum að líta til slíkra fordæma.

Eiríkur: Mjög hröð þróun íbúalýðræðis á sér nú stað. Með opnara stjórnkerfi og þeirri samskipta- og upplýsingatækni sem sífellt eflist tel ég aðkomu íbúanna að ákvarðanatöku um margvísleg atriði mikilvæga, sem verður að skilgreina fyrirfram. Ég sé hins vegar enga ástæðu til að stíga skref til „sjálfstæðis byggðakjarnanna“ umfram það.

13. Telur þú rétt að gera einhverjar umtalsverðar breytingar á stjórnskipan Ísafjarðarbæjar?

Eiríkur: Ekkert mannanna verk stenst tímans tönn. Stjórnskipan bæjarins á sífellt að vera í endurskoðun, en hallarbyltingar eru ekki lausnin. Með gagnrýnni en uppbyggjandi endurskoðun verðum við að tryggja sem stýstar boðleiðir í stjórnsýslunni og gegnsæi ákvarðana bæjaryfirvalda.

Gísli: Já. Það er auðvitað gífurlega mikilvægt þegar starfsmenn eru nærri 400 í um 300 stöðugildum að hugað sé vel að því að þeir nýtist sem best og að allir vinnu- og samskiptaferlar séu í lagi. Það þarf að taka verulega á í þessum efnunum.

Guðfinna: Ég veit að á undanförmum árum hefur verið unnið

að því að einfalda stjórnkerfið og mér finnst eðlilegt að þeirri vinnu verði haldið áfram. Að öðru leyti tel ég mikilvægt að stjórnkerfið sé sveigjanlegt og veiti sem besta þjónustu.

14. Telur þú að minnihlutinn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi starfað með ábyrgum og uppbyggilegum hætti á því kjörtímabili sem nú er senn á enda?

Gísli: Ég held að þau hafi verið í þessu af fullum heilindum fyrir bæjarbúa. Stundum hef ég þó ekki skilið áherslur minnihlutans og fundist sem tilgangur þeirra væri að þyrlla upp pólitísku moldviðri.

Guðfinna: Ég trúi því að þeir sem gefa kost á sér í bæjarstjórn, jafnt og til Alþingis, geri það vegna þess að þeir vilja láta gott af sér leiða og taka þátt í að byggja upp gott samfélag. Síðan eru skiptar skoðanir um hvernig það er gert og menn berjast fyrir sínum sjónarmiðum, oftast með ábyrgum og uppbyggilegum hætti en ekki alltaf. Þetta á við um minnihlutann í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eins og aðra.

Eiríkur: Minnihluti bæjarstjórna á að hafa það hlutverk að veita meirihluta aðhald á öllum sviðum. Af þeim afskiptum sem ég hef haft af bæjarmálapólitíkinni, sem eru ekki mikil undanfarin ár, finnst mér minnihlutinn vera mjög gamaldags í framsetningu sinni á gagnrýni og aðhaldi, um leið og ég lýsi ánægju minni með farsæla stjórn meirihlutans.

15. Rákir bjartsýni í huga þér varðandi framtíð Ísafjarðarbæjar og byggðar á Vestfjörðum í heild?

Guðfinna: Þegar ég flutti með fjölskylduna vestur á Ísafjörð haustið 1996 gerði ég það vegna þess að ég hafði trú á því að þar væri gott að búa og ala upp börn. Síðan eru liðin rúm 13 ár, börnin nánast orðin fullorðin og sjálf hef ég elst eitthvað smávegis. Gráur hárin sem ég er farin að sjá hafa samt ekki breytt því að ég trúi enn á bjarta framtíð Vestfjarða.

Eiríkur: Já. Hingað fluttum við hjónin 1980 og liður vel. Áföll og hindranir eru til að yfirstíga og af þeim er líka nóg á öðrum stöðum. Við erum ekki ein um það í heiminum að íbúum fækki á landsbyggðinni. Það er hins vegar staðföst trú mín að við munum ná vopnum okkar að nýju og í þeim tilgangi býð ég fram krafta mína til forystu í bæjarmálum Ísfirðinga.

Gísli: Já. Við þekkjum vel hve kraftmikil menning blómstrar á Vestfjörðum. Hér eru dugmiklir og viljugir einstaklingar sem gefast aldrei upp. Þegar samgöngu- og orkumál verða komin í það horf sem þótti viðunandi á síðustu öld eigum við mikla möguleika.

– hlynur@bb.is



Bláskel (kræklingur).

Kræklingaræktendur bjartsýnir

Eigendur Vesturskeljar ehf., sem sérhæfir sig í ræktun á kræklingum eru bjartsýnir að sögn Magna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra. „Ég get ekki sagt annað en að við séum bjartsýnir og þetta lítur allt ljómandi vel út, en eins og ég hef áður sagt þá er þetta langhlaup ekki spretthlaup. Við erum farnir að prufukeyra fullvaxna vöru og fólki virðist líka hún mjög vel.“ Að því er fram kemur í Morgunblaðinu getur ræktun á bláskel getur skilað 1.500 tonna framleiðslu á næstu árum og 6.000 tonnum eftir sex ár. Bláskelin er eftirsótt á Evrópumarkaði og þessi framleiðsla gæti skilað tveimur milljörðum í útflutningstekjur á ári og skapað 175 störf við ræktun og fullvinnslu. Bláskeljarækt Vesturskeljar hófst í Skötufirði og Hestfirði í Ísafjarðardjúpi fyrir rúmum tveimur árum og nú hefur Álftafjörður bæst í hópinn.

Magni segir Vesturskel ekki vera komna það langt að menn séu farnir að huga að útflutningi en býst við því að svo verði er fram líða stundir. „Ég held að það sé enginn spurning að þetta verði útflutningsgrein, það er bara spurning hvenær það verður. Annars er innanlandsmarkaðurinn algjörlega ókannaður og ég býst við að menn reyni að metta hann fyrst áður en hugað er að útflutningi. Við sáum það þegar við vorum að kynna vöruna okkar fyrir jólin að það voru margir sem höfðu áhuga á að smakka og líkaði vel.“

Magni segir að fyrirtækið muni halda ótrautt áfram og forsvarsmenn þess bíði spennitir eftir því að sjá hvað framtíðin beri í skauti

sér. „Það hefur verið mjög góð áseta af því sem við settum út í sumar og það verður mun meira næsta haust. Þetta vex ótrúlega fljótt þegar þetta er komið af stað og framleiðslan hleður fljótt utan á sig.“

Skelrækt við strendur Íslands

hefur verið í þróun síðustu 20 til 30 árin og þá einkum ræktun bláskeljar. Ræktun í sjó er í grundvallaratriðum ólík eldi. Ekki er um fœðrun að ræða þar sem lífveran nærir sig algerlega sjálf og lifir í raun eins og villt skel í náttúrlegu umhverfi. Í skel-

rækt er líffum safnað eftir eðlilega hrygningu í umhverfinu. Líffurnar festa sig síðan á hengilínurnar á sama hátt og þær taka sér bólfestu á fjörugrjóti. Ræktunarskelin lifir því sama lífi og fjöruskelin.

– thelma@bb.is

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Síðasta námskeiðið á GAMLRA VERÐINU verður haldið á Ísafirði mánudaginn 8. febrúar nk.

Ath! Verkalýðsfélag veita allt að 100 þúsund króna styrk. Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í sínum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Okuskoli S.G.



Sólarfögnuðurinn frábær skemmtun

Sameiginlegur sólarfagnaður Sunnukórsins og Karlakórsins Ernir fór fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag. „Þetta var frábær skemmtun. Flutt voru heimatilbúin skemmtiatriði og kórarnir sungu þrjú lög hver,“ segir Jens Andrés Guðmundsson

einn af skipuleggjendum fagnaðarins. Var þetta í þriðja sinn sem kórarnir halda saman ballið en Sunnukórinn hefur allt frá stofnun kórsins 25. janúar 1934 staðið fyrir sólarfagnaði á þessum tíma. Að sögn Jens Andrésar var mætingin dræm miðað við undanfarin

ár. „Það stafar af mörgu, t.d. var þorrablot á Þingeyri og Sólarcaffi Ísfirðingafélagsins um sömu helgi.“ Veislustjóri var Eggert Stefánsson og að dagskrá tæmdri lék Hjónabandið fyrir dansi.

Sunnukórinn er nú að hefja 76. starfsár sitt en Karlakórinn Ernir hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1988. Meðfylgjandi myndir frá fögnuðinum tók Þorsteinn J. Tómasson.

– thelma@bb.is



Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja **þriðjudaginn 9. febrúar**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum

Heyrnartækni hefur um árabil verið með þjónustu fyrir heyrnarskerta á landsbyggðinni. Í dag veitum við reglulega þjónustu á 19 stöðum víðsvegar um landið.



Heyrnartækni

Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | www.heyrnartaekni.is

Nánari upplýsingar og tímapantanir
í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

smáar

Sérdeilis reglusamur brottfluttur Ísfirðingur óskar eftir að skipta á íbúð við einhvern góðan Ísfirðing um páskana. Er sjálf með ágæta íbúð í Hlíðunum í Reykjavík, stór stofa, sjónvarpshol og 3 herbergi. Vantar á móti a.m.k. 3ja herb. íbúð um páskana. Nánari uppl. á netfanginu sol@islandia.is eða í síma 693 6810 (Sólveig).

Til sölu er Hyundai Santa Fe árg. 2005. Gullfallegt eintak, lítið ekinn, sjálfskiptur, svartur. Uppl. í síma 866 4655.

Við erum að leita að litlum ískáp til kaups eða gefins. Verður að vera gangfær fyrir menntasmiðju Grunnskólans á Ísafirði. Ef þið hafið ísskáp, endilega hafið samband í síma 844 1660.



HG bauð í Nauteyri

Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur boðið 15 milljónir í jörðina Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Kauptilboðið var tekið fyrir á síðasta sveitarstjórnarfundinum í Stranda byggð en samþykkt var að fresta afgreiðslu málsins til að afla gagna.

Ákveðið var að selja jörðina árið 2008 ef viðunandi tilboð myndi berast en gert var ráð fyrir að andvirðið yrði notað til gatnaframkvæmda.

Gæti orðið siglandi safn

Gengið hefur verið úr skugga um að skrokkurinn á Maríu Júlíu, fyrsta björgunarskipi Vestfirðinga, sé heill. „Aðalatriðið var að ganga úr skugga um að hún væri í lagi. Skrokkurinn er góður og er nú verið að þurrka hann,“ segir Jón Sigurpálsson forstöðumaður Bygðasafns Vestfjarða. Verið er að leita leiða til að fjármagna frekari endurbætur en viðgerð á skipinu hafa staðið yfir síðan í haust undir oruggri handleiðslu Harðar Sigtryggssonar stálskipasmíðs á Pingeyri. María Júlía var einnig notuð sem varðskip í land-

helgisströðinu árið 1958. Síðast var skipið notað sem hafrannsóknaskip. Ýmsar hugmyndir eru uppi um hlutverk skipsins að loknum endurbótunum. „Uppi eru hugmyndir um að hún verði að siglandi safni fyrir ferðafólk eða jafnvel sem skólaskip. Við eigum eftir að finna henni verkefni en ég myndi halda að hún væri góður kostur í ferðaþjónustu,“ segir Jón. Skipið er 137 brúttótönn að stærð og 27,5 metrar á lengd. Það var smíðað í Danmörku en kom til Íslands snemma vors 1950. – *thelma@bb.is*



Björgunarskipið María Júlía.

Greiðsla Ísafjarðarbæjar til Menningararáðs hefur hækkað um 60%

Þriggja milljóna króna mismunur er á reikningi frá Menningarráði Vestfjarða fyrir framlagi Ísafjarðarbæjar og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samkvæmt reikningi frá MV er framlag Ísafjarðarbæjar fyrir síðasta ár 8.944.001 krónur en á fjárhagsáætlun er aðeins gert ráð fyrir 6.000.000 krónum, mismunurinn nemur því 2.944.001 krónum. Þarf sérstakt samþykki bæjarráðs

fyrir greiðslu þess mismunar. Bæjarráð hefur óskað eftir fjárhagsáætlun vegna árána 2009 og 2010, ásamt afriti af menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga frá því í maí 2007. Bæjarráð hefur samþykkt að greitt verði nú inn á reikning Menningarráðs vegna ársins 2009 sú fjárhæð sem er á fjárhagsáætlun þess árs. Mál-ið verður aftur tekið fyrir í bæjarráði þegar umbeðin gögn hafa

borist. Greiðsla Ísafjarðarbæjar á milli árána 2008-2009 hefur hækkað um 3.368.554 kr. eða um liðlega 60%. Sú hækking stafar fyrst og fremst af breyttu þátttökuhlutfalli sveitarfélaga í rekstri og styrkveitingum. Hlutverk Menningarráðs að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og

verkefna á sviði menningar-tengdrar ferðaþjónustu, jafnframt því að annast framkvæmd samnings og samræma aðgerðir á sviði menningarmála á þeirra starfssvæði. Á Vestfjörðum eru skilgreind þrjú samstarfssvæði, Strandasýsla og Reykhólahreppur, Vestur-Barðastrandasýsla og Ísafjarðarsýslur. – *thelma@bb.is*

Sundrað á Alþingi

Stakkur skrifar

Alþingi er gott orð. Það vísar til þess að þingið sé allra. Alþingi nútímans er ekki líkt því Alþingi sem stofnað var 930 til að ráða málum Íslendinga til lykta. Þá áttum við gæfu til þess að sameinast um aðferðir til að ná niðurstöðu varðandi lög og dóma. Þangað sóttu allir sem vettlingi gátu valdið til þess að sýna sig og sjá aðra á Þingvöllum, fylgjast með störfum þingsins og einhverjir til að fá löglegar lyktir sinna mála. Þingið var stofnun þjóðarinnar og sú eina þar til kirkjan stofnaði biskupsstól í Skálholti árið 1056. Þá voru til orðnar þær stofnanir sem mestu réðu um málefni Íslendinga þar til konungar tóku yfir á fjórtándu öld, hægt og bitandi en síðar af meiri þunga.

Hvernig er komið fyrir okkur í dag. Alþingi ætti að njóta óskoraðrar virðingar, en svo er ekki. Ekki er við neinn að sakast nema þá sem þingið skipa. Vegur gamla Alþingis fór minnkandi og það varð í raun dómstóll og lauk hlutverki sínu 1798. Ráðgjafarþing var stofnað í Reykjavík 1845 með dönsku konungsboði frá 1843. Var það mikil framför þótt ekki fengi það löggjafar- og fjárlagavald fyrr en 1874. Smám saman jukust völd Alþingis með heimastjórn 1904 og fullveldi 1918. Getur verið að nú svo komið fyrir Alþingi að völd þess og virðing séu að hverfa?

Stjórnskipulagt vald Alþingis er hafið yfir allan vafa eða ætti að vera það. Ákvæði stjórnarskrár sem á rætur að rekja til hugarfars

konungsveldis í Danmörku fyrir meira en einni og hálfri öld gera stöðuna flókna. Konungur vildi tryggja völd sín og geta hafnað lögum sem honum líkaði ekki. Þeim yrði vísað til þjóðarinnar. Ákvæðið heldur gildi sínu á Íslandi en ekki í gamla konungsríkinu.

En þótt þjóðkjörin Alþingi fái ekki ráðið málum til lykta er virðingin enn fyrst og fremst undir því sjálfu komið. Við sem kjósum þingmenn verðum að finna að hlutverkið sé tekið af fullkominni alvöru, að þeir viti að þeim sé treyst til að ráða málum til lykta á besta mögulegan hátt. En því miður blasa óeining og deilur við. Vilja virðist skorta til að ná sátt um niðurstöðu mála. Íslensk þjóð stendur á þröskuldi sem getur orðið til þess að hún nái annars vegar vopnum sínum eða til hins að ýmislegt þróist til verri vegar. Enginn vafi er á því að íslensk millistétt kann að vera á tímamótum. Hún gæti verið að nálgast lokin. Þegar grannt er skoðað hefur hún staðið traust undir í samfélaginu, en með meiri skattlagningu, lægri launum og erfiðari kjörum gæti svo farið að henni ofbyði skortur á virðingu alþingismanna fyrir sjálfum sér og kjósendum og gripi til sinna ráða. Alþingi verður að vera í takt við fólkið í landinu sem greiðir skatta af launum sínum og á enga aðra kosti en halda áfram að vinna meðan vinna gefst.

Hvað ætlar Alþingi að gera til að vinna virðingu þessa fólks og senda þau boð til þjóðarinnar að það gæti hagsmuna hennar, allir sem einn maður?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Kristín Hálf-dáns í framboð

Kristín Hálf-dánsdóttir, viðskiptafræðingur á Ísafirði, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 3.-4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Ísafjarðarbæ sem fram fara í maí. Kristín hefur undanfarin 10 ár starfað sem rekstrarstjóri Landflutninga Samskipa á Ísafirði. Undanfarin ár hefur hún tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins ásamt ýmsum félagsmálum í Ísafjarðarbæ.

Kristín fæddist að Hóli í Bolungarvík 19. júlí 1956 og ólst þar upp. Foreldrar hennar voru Hallfríður Jónsdóttir húsmóðir og Hálf-dán Örnólfsson sjómaður. Kristín er gift Gunnari Þórðarsyni og eiga þau þrjú börn. „Fjármál Ísafjarðarbæjar eru mér sérstaklega hugleikin þar sem haldið er uppi góðri þjónustu við íbúa með sem minnstum tilkostnaði. Ég vil stuðla að skilvirkri stjórn-sýslu og vandaðri fjármálastjórn Ísafjarðarbæjar með háværkun framleiðni í huga,“ segir í tilkynningu um framboðið.

Þorskur hentugur eldisdýr

Þorskur er að mörgu leyti hentugur sem eldisdýr og er villtur þorskur fljótur að aðlagast eldisaðstæðum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar yfir füngun, flutning og aðlögun á þorski í söfnunarkvíum árin 2002-2008. „Með tilliti til füngunar og flutnings er margt sem bendir til þess að þorskurinn sé meðfærilegri en margar aðrar fisktegundir s.s. lax og í því sambandi má nefna að hann þolir betur hnask og streituálag. Hann er aftur á móti viðkvæmur fyrir öðrum þáttum eins og þrýstingsbreytingum,“ segir í skýrslunni sem byggir m.a. á árlegri greinargerð frá öllum þorskeldisfyrirtækjum á Vestfjörðum. Þar kemur einnig fram að afföll eru minni hjá þorski en ýsu við smug í


botnvörpu eða fiskiskilju. „Þorskur er með tiltölulega sterkt roð, fast hreistur og þolir betur meðhöndlun en margar fisktegundir eins og ýsa og lax sem eru með tiltölulega stórt og laust hreistur.“

2005/2006. Þessi heimild sjávarútvegsráðherra hefur verið framlengd tvisvar og gildir nú til fiskveiðiársins 2014/2015. Aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnuna sem fylgist með til-

2002-2008. Heimildaleit var gerð á füngun og flutningi á þorski og öðrum tegundum svo og notkun á söfnunarkvíum í öðrum löndum.

Á árunum 2002-2008 voru 1.400 tonn tekin í

Veidarnar hafa verið aðlagðar að því marki að auka lifun og botnvarpa er dregin á hálfum hraða miðað við hefðbundnar veiðar og einnig er viðmiðunin að afli sé ekki meiri en einn lyftipoki. Með það að markmiði að auka lifun er einnig losað beint



Þann 15. maí 2002 voru samþykktar breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða þar sem kemur fram að sjávarútvegsráðherra hefur til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með

raununum og birtir niðurstöður um gang þeirra. Í þessari skýrslu er gefið yfirlit yfir füngun, flutning og aðlögun á þorski í söfnunarkvíum árin

dragnót, 600 tonn í botnvörpu, 500 tonn í gildrum mest í leiðigildru og 500 tonn á línu og handfæri. Dragnót og botnvarpa hafa skilað bestum árangri en engin veruleg breyting hefur verið gerð á veiðarfærunum. Í sumum tilvikum er lyftipoki seglklæddur til að minnka þrýsting á fiski.

úr poka í söfnunarkví. Margar gerðir af gildrum hafa verið reyndar en besti árangurinn hefur náðst með leiðigildru.

Minni tilraunir hafa verið gerðar með füngun á þorski í lagnet. Einnig hafa verið myndaðar þorskhjarðir við fúðurstöðvar og fangað úr þeim með lyftiháf og handfærum og gerð ein árangurslaus tilraun til að fanga fiskinn með hringnót.



Nadia Ashkenazy leiðbeinir hér þátttakendum í sund eróbikki.

Kennir eróbikk í vatni

Hjónin Nadia Ashkenazy og Martin Jones hafa hrint úr vör námskeiði í sunderóbikki á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrsti tíminn fór fram á Þingeyri um síðustu helgi en ætlunin er að það verði haldið í Flateyrlaug er hún verður opnuð á ný eftir viðgerð. „Við búumst við því að námskeiðið hefjist á Flateyri í febrúar en við höfum einnig áhuga á því að halda námskeiði á Þingeyri ef næg þátttaka fæst,“ segir Nadia. Hún segir að um sé að ræða léttu sundleikfimi. „Þar sem vatnið styður við mann er reynir það minna á líðina en það er samt áreynsla því þungi vatnsins veitir manni mótstöðu, þetta er því allt öðruvísi og venjulegt eróbikk.“

– thelma@bb.is

Tíu gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Fjórar konur og sex karlar gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ sem fram fer laugardaginn 13. febrúar. Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 fékk Sjálfstæðisflokkurinn fjóra bæjarfulltrúa af níu en tveir þeirra gefa ekki kost á sér nú, það eru þau Halldór Halldórsson og Birna Lárusdóttir. Í prófkjöriinu skal kjósa sex frambjóðendur og er þátttaka í prófkjöriinu heimil

öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ sem þar eru búsettir. Utan kjörfundaratkvæðagreiðsla hefst að morgni fimmtudagsins 28. janúar og stendur til kl 18.

Frambjóðendurnir eru: Margrét Halldórsdóttir, íþrótta- og tólmstundafulltrúi, Ingólfur Þorleifsson, vélstjóri og varabæjarfulltrúi, Guðný Stefania Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi og íþrótta-

kennari, Hlynur Kristjánsson, húsa-smiður, Eiríkur Finnur Greipsson, framkvæmdastjóri, Steinþór Bragason, tæknifræðingur og ráðgjafi, Gísli H. Halldórsson, bæjarfulltrúi og fjármálastjóri, Kristín Hálfhánsdóttir, rekstrarstjóri, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur og Guðjón Már Þorsteinsson, öryrki og stjórnamaður í KKÍ.

– kristjan@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

MÓTTÖKURITARI

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar leitar að einstaklingi í starfsmóttökuritari. Um er að ræða 87,5% starf þar sem helstu verkefni eru umsjón með húsaleigubótum og félagslegri liðveislu auk almennra ritarastarfa.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Rík þjónustulund, áreiðanleiki og frumkvæði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta neðsynleg t.d. í word og excel.

Laun samkv. samningi launaneftdar og FOS-Vest.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu í síma 450 8000 eða í gegnum netfangið margret@isafjordur.is.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2010.

FÉLAGSSTARF ELDRI BORGARA ÞINGEYRI

Óskað er eftir aðstoðarmenneskju í 20% starf á vinnustofu aldraðra á Þingeyri.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta Kristinsdóttir, forstöðukona í síma 867 0371 eða í gegnum netfangið astak@simnet.is.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2010.

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið bb@bb.is ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Áhugaljósmyndari vikunnar er Guðni G. Borgarsson.



Suðurtangi: Norðurljósín dónsuðu um himininn eitt miðvikudagskvöld fyrir stuttu þannig að ég skellti mér út með myndavélina og tók m.a. þessa mynd. Þegar ég fór svo að skoða hana í tölvunni tók ég eftir andlitinu í Norðurljósunum. Það er eins og einhver sé að hrofa yfir bæinn þarna uppi. Myndin er lítillega unnin í Photoshop.
Myndavél: Olympus E-520. **Ljósop:** f/3,5. **Hraði:** 6 sek. **ISO:** 1600.

400 gestir á Sólarkaffi Ís- firðingafélagsins í Reykjavík

Um 400 gestir voru á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins sem haldið var á Hótel Nordica í Reykjavík á föstudagskvöld. „Þetta heppnaðist alveg stórkostlega, það var ekki alveg uppselt en mjög góð mæting engu að síður. Við erum mjög ánægð með dagskrána og gestirnir voru mjög ánægðir,“ segir Jakob Falur Garðarsson, einn af skipuleggjendum Sólarkaffisins.

Að venju var boðið upp á ljúffengar pönnukökur og veitingar auk þess sem happdrættið var á sínum stað. Veislustjóri kvöldsins var Páll Ásgeir Ásgeirsson og ræðumaður kvöldsins var Siggí blóma. „Það sem stóð upp úr voru auðvitað öll ísfirsku skemmtiatriðin og ræðan, það er hreinlega ógerlegt að gera upp á milli skemmtiatriða, þau voru öll mjög flott. Söngkonurnar Helga Margrét Marzellíusardóttir, Dagný Hermannsdóttir og Svanhildur Garðarsdóttir tóku lagið við góðar undirtektir, Birgir Örn Sigurjónsson, eða Biggibix tók vel valin lög af væntanlegri plötu sinni og hljómsveitin Kraftlyfting steig á stökk.

Að lokinni dagskrá var síðan dansleikur með hljómsveitinni Apollo fram á nótt. „Það var mikil stemmning og fólk hélt út allt ballið að ísfirskum síð,“ segir Jakob Falur. Meðfylgjandi myndir af Sólarkaffinu tók Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir.



Tælenskar fiskibollur og himneskur kjúklingur

Sælkeri vikunnar býður upp á forrétt og tvo aðalrétti. Í forrétt er rækjusalat að hætti Steina.

„Þessi réttur er sérlega ljúffengur og auðveldur,“ segir Sigrún. Einnig býður hún upp á

Rækjusalat Steina

2 harðsoðin egg (stöppuð).
25 g rækjur
1 dós sýrður rjómi
1 tsk karrý
2 msk tómatsósa
¼ tsk salt
1 blaðsalathöfuð
Sýrður rjómi, tómatsósa og krydd blandað saman í stóra skál. Blaðsalat skorðið smátt niður og því blandað saman út í sósuna ásamt rækjunum.

Fiskibollur á tælenska vísu

500 g lúduflök eða þorskur (ég nota oftast þorsk).
¼ tsk matarsódi
2 msk kartöflumjöl

½ mask salt
½ bolli kalt vatn.

Allt efnið í bollurnar hakkað saman eða hrært vel. Best er að nota blandara með hnif svo bollurnar verði finar. Geymið og gerið sósuna.

í sósuna. Eftir að bollurnar hafa verið settar út í er bætt við. 3 msk sykur, ½ tsk salt og ein lítil dós bambus. Má þykkja sósuna með sósujafnara ef þið viljið þykkja hana. Berist fram með mikið af hrisgrjónum.

Sælkerinn

Sósan

2 msk matarolía
1-2 msk Matsaman curry paste eða rautt curry paste (nota oft riflega)
Smá Season all
3 bollar mjólk
1 ½ bolli rjómi
1 dós kókosmjólk í dós

Bollurnar búnar til og settar út

Himneskur kjúklingur

Kjúklingabringur eða úrbeinuð kjúklingalæri (einn bakka).
Parmaskinka
1 bakki fersk basilíka
1 rauð paprika
1-2 hvítlauksrif
Smá af rauðum chilli ef ykkur finnst gott að hafa sterkt.
1 dós mascarpone rjómaostur.
1 grænmetistengingur leystur upp í ½ lítra af vatni (má nota



Sælkeri vikunnar er Sigrún Arna Elvarsdóttir á Ísafirði.

hvítvín)
Tagliatelle pasta

Hakkið papriku, hvítlauk og basilíku saman, setjið rjómaostinn út í og hrærið saman eins lítið og hægt er (má líka gera í höndum). Passa að hræra þetta ekki of mikið því þá verður fyllingin of þunn.

Ef þið notið bringu kljúfið þær í tvennt (langsum).

Ein sneið af parmaskinku fer utan um hvern kjúklingabita.

Leggið skinkuna á brettið, svo kjúkling og setjið eina matskeið af fyllingunni á hvern kjúklingabita og rúllið upp.

Raðið upprúlluðum kjúklingnum í eldfast mót. Hellið grænmetissoðinu eða hvítvíninu yfir bringurnar og bakið í ofni við 185° í ca. 20 mínútur. Berið fram með soðnu pastanu og fersku spinati og hvítlauksbrauði. Algert nammi.

Ég skora á Hrafnhildi Elvarsdóttur að vera næsti sælkeri.



Samkaup úrval

góðir grannar

Coop – gæði og gott verð!

Sparnaðartilboð helgarinnar 4. - 7. febrúar

25%
afsláttur



Lambasaltkjöt
úr kjötborði / pakkað ferskt!

~~298~~
224 kr.
hálsar og rif

~~1.149~~
862 kr.
blandað

Góð
kaup!



~~139~~

120 kr. stk. Gulrætur
400g, frá Coop

Góð
kaup!



~~559~~

447 kr. pk. Basmati hrísgrjón
1 kg, frá Coop

32%
afsláttur



Lærissneiðar
úr kjötborði!

~~1.898~~
1.291 kr.
blandaðar


Góð
kaup!



~~559~~

498 kr. stk. Sólberjasaft
1 lítri, frá Coop

Góð
kaup!



Ljúffeng uppskrift
á pakka!

298 kr. pk.
Guacamole

7x0 Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á samkaupurval.is